

## Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Ár 2023, fimmtudaginn 16. nóvember var 66. fundur aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10.00. Fundinn sátu: Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir, Anna Kristín Jensdóttir, Þorkell Sigurlaugsson, Hallgrímur Eymundsson, Lilja Sveinsdóttir, Ingólfur Már Magnússon og Björgvin Björgvinsson. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. másl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundahæild: Unnur Þöll Benediktsdóttir. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Þórdís Linda Guðmundsdóttir og Valgerður Jónsdóttir. Tómas Ingi Adólfsson ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um stafrænt aðgengi.
- Kl. 10.02 tekur Hanna Björk Kristinsdóttir sæti á fundinum.

Aðgengis- og samráðsnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks þakkar Ingu Björk Margrétar Bjarnadóttur fyrir að koma og ræða um stöðuna í stafrænum aðgengismálum sem hún hefur verið að vinna í. Ljóst er að mikil vinna er í gangi til að koma aðgengi að rafrænum skilríkjum í lag. Athygli vekur að sögn Ingu Bjarkar að umræðan á Íslandi um aðgengi að rafrænum skilríkjum hefur verið háværi en t.d. á hinum Norðurlöndunum og ástæðan er hugsanlega að Íslendingar eru gjarnari á að loka gömlum þjónustuleiðum þegar stafrænni þjónustu hefur verið komið á. Mikilvægt er að passa upp á að þjónusta í persónu verði áfram í boði fyrir þau sem það kjósa, svo ekki verði afturför þegar kemur að réttindum fatlaðs fólks til aðgengis að þjónustu.

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. MSS22090069

2. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs dags. 8. nóvember 2023 þar sem óskað er umsagnar aðgengis- og samráðsnefndar um drög að stafrænni stefnu Reykjavíkurborgar.

Samþykkt að fela starfsfólki mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að vinna drög að umsögn um stefnuna í samráði við aðgengis- og samráðsnefnd.

Eva Pandora Baldursdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. PON23010021

3. Kynningu á samráðsgátt Reykjavíkurborgar, er frestað. MSS23110098
4. Fram fer kynning á aðgengi að vef Reykjavíkurborgar.

Aðgengis- og samráðsnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks þakkar fyrir kynninguna á aðgengismálum á vef Reykjavíkurborgar. Nefndin fagnar því að vel er fylgst með hvernig vefurinn fylgir aðgengisstöðlum. Þá fagnar nefndin því sérstaklega að vefþulnan hafi verið sett inn í fréttir og fundargerðir á vef Reykjavíkur og hvetur til þess að hún verði sett víðar á vefinn.

Hreinn Valgerðar Hreinsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið og Ólafur Óskar Egilsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS22100274

5. Fram fer umræða um aðgengi og grenndargáma.

Benedikt Traustason og Guðmundur Benedikt Friðriksson taka sæti á fundinum undir þessum lið. MSS23110096

**Fundi slitið kl. 11.59**

Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir

Björgvin Björgvinsson  
Anna Kristín Jensdóttir  
Unnur Þöll Benediktsdóttir  
Þorkell Sigurlaugsson

Lilja Sveinsdóttir  
Ingólfur Már Magnússon  
Hanna Björk Kristinsdóttir  
Hallgrímur Eymundsson